

Fimmti fundur haldinn í Laugargerðisskóla sunnudaginn 12. maí 2019 kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Konráð Konráðsson undir 1. lið.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Eyja og Miklaholtshrepps vegna 2018 seinni umræða. Konráð fór yfir ársreikninginn og endurskoðunarskýrslu 2018

Hellstu niðurstöður eru:

Rekstrartekjur	146.820 milj
Rekstrargjöld	155.044 milj
Fjármagnstekjur	6.092 milj
Rekstrarniðurstaða neikvæð upp á	3.665 milj
Eignir A hluta samtals	241.498 milj
Eignir B hluta samtals	234.496 milj.

Hreppsnefnd vill áréttta sterka fjárhagsstöðu sveitarfélagsins en margt er að hafa áhrif á niðurstöðuna eins og t.d. viðhaldsframkvæmdir við Breiðablik og Laugargerðisskóla Konráð vék af fundi

2. Sorpmál – gámar í sumar. Samþykkt að hafa gáma tímabundið í sveitinni í sumar. Nánari upplýsingar verða kynntar íbúum síðar.
3. Verkferlar innan Eyja og Miklaholtshrepps. Oddvita falið að vinna í málinu áfram.
4. Laugargerðisskóli. Fyrir liggur að mikill skortur er á húsnæði í sveitarfélaginu fyrir fólk sem hefur hér tímabundna atvinnu. Til að bregðast við þeirri stöðu veitir hreppsnefnd oddvita heimild til að leigja út rými til lantímaleigu í Laugargerðisskóla til handa einstaklingum sem hafa atvinnu í sveitarfélaginu.
5. Ástandsmat á Gerðubergi og nágrenni. Oddvita falið að ræða erindið við landeigenda.
6. Póstnúmer fyrir Eyja og Miklaholtshrepp. Fyrirhuguð er breyting á pósthjónustunni fyrir sveitarfélagið með þeim hætti að pósturinn verður keyrður út frá Stykkishólmi. Eyja- og Miklaholtshreppur myndi þá fá sér pósthúmer. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við breytinguna.
7. Aðalskipulag Eyja og Miklaholtshrepps Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps ásamt umhverfisskýrslu var auglýst 13. - 30. apríl s.l. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tvær umsagnir bárust, frá Veðurstofunni og Minjastofnun. Veðurstofan tilkynnti að hún gerði ekki athugasemdir við tillöguna. Minjastofnun gerði athugasemdir sem eru efnislega þær sömu og stofnunin gerði þegar lýsing vegna endurskoðunar aðalskipulagsins var kynnt. Þar er farið yfir ákvæði minjalaga um skráningu í tengslum við skipulagsgerð. Við mótun tillögunnar var brugðist við athugasemdinni í kafla 3.3. í greinargerð þar sem minjaskráningu er vísað til deiliskipulags og útgáfu framkvæmdaleyfa. Sveitarstjórn telur því að ekki sé tilefni til breytinga á auglýstri tillögu

vegna athugasemda Veðurstofunnar og Minjastofnunar og felur sveitarstjóra að senda Skipulagsstofnun tillöguna til staðfestingar í samræmi við 32. gr. skipulagslaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)